

Nd.

## 131. Nefndarálit

[19. mál]

um frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp að mestu leyti samhljóða þessu lá fyrir síðasta Alþingi, en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Meginstefna frumvarpsins er sú að setja ákveðnari og þrengri reglur um rétt erlendra aðila til að eiga fasteignir hér á landi en nú eru í lögum. Flestir virðast sammála um nauðsyn þessa máls, en um það, hve langt ganga skuli í þessum takmörkunum, eru skoðanir nokkuð skiptar og því hefur nefndin ekki átt samstöðu í málinu.

Þegar allsherjarnefnd fjallaði um málið í fyrra, gaf fulltrúi Alþýðubandalagsins, Ragnar Arnalds, út sérstakt nefndarálit og flutti breytingartillögu við frumvarpið. Hér skal undir þau málskjöl tekið, breytingartillagan flutt, og fara hér á eftir höfuðþættir þess nefndarálits, að því leyti sem við á eftir þær breytingar, sem á frumvarpinu eru orðnar.

„Lög nr. 63 frá 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eru löngu úrelt orðin og þörf á mikilvægum breytingum. Sérstaklega er nauðsynlegt að kveða skýrar á um rétt erlendra manna til að eignast fasteignir á Íslandi.

Meginstefna Alþýðubandalagsins í þessu efni hefur oft komið fram og mun flestum kunn. Alþýðubandalagið telur farsælast að hafa það viðhorf að leiðarljósi, að fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skuli Íslendingar einir eiga. Þó er eðlilegt að gera undantekningu í nokkrum tilvikum. Ráðherra ætti t. d. að vera heimilt að veita erlendum mönnum leyfi til að eignast fasteignir á Íslandi við hjúskap og erfðir, einnig mætti leyfa erlendum mönnum búsettum hér að eignast íbúðir til eigin afnota, sjálfsgætt er í samræmi við alþjóðavenjur að leyfa erlendum sendiráðum að eiga hér húseignir, og hið sama gildir um fasteignir í eigu alþjóðlegra stofnana, sem Ísland er aðili að, sem ætlaðar eru til afnota fyrir menningar- og heilbrigðisstarfsemi.

Að öðru leyti ber ekki að vikja frá þessari sjálfsgæðu meginstefnu, nema sérstök ástæða sé til. Verður Alþingi að ihuga það hverju sinni, hvort ástæða sé til undantekningar. Sé það álit meiri hlutans, að fjárfesting hinna erlendu manna sé óveruleg eða þess eðlis, að hættulaus geti talizt, ber að samþykkja um það lagafrumvarp hverju sinni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að ráðherra hafi ótakmarkaða heimild til að veita erlendum mönnum leyfi til að eiga og nota íslenskar fasteignir, ef honum þóknast svo og þrátt fyrir önnur ákvæði frumvarpsins. Með þessu eru takmörk frumvarpsins fyrir eignarrétti útlendinga næstum því að engu gerð. Ráðherrar eru misjafnir, þeir koma og fara, sumir eru varkárir og aðrir eru ístöðulitir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna gagnrýndu þetta ákvæði harðlega, og flytja framsóknarmennirnir breytingartillögu, sem ég styð, en samkvæmt henni er ráðherra aðeins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, ef erlendir menn hafa komizt yfir fasteignir við hjúskap eða erfðir.

Réttur útlendinga til þátttöku í íslenskum hlutafélögum og ótakmörkuð heimild ráðherra til að veita undanþágu samrýmist illa íslenskum hagsmunum. Í báðum þessum tilfellum verður Alþingi að hafa rétt til eftirlits og úrslitaákvörðunar um það, hvort og að hvað miklu leyti erlendu fjármagni skuli hleypt inn í landið.“

Í samræmi við framanskráð álit er hér lagt til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, auk þeirrar breytingar, sem fyrr er til vitnað.

### BREYTINGARTILLAGA:

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

Ef félag er, þar sem enginn félagi ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og allir félagar, hluthafar eða aðilar vera íslenskir ríkisborgarar.

Alþingi, 1. des. 1965.

Karl Guðjónsson.